

25. mars 1982.

301

Nr. 139.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að komið hefur upp gin- og klaufaveiki í Danmörku er samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, bannað, þar til annað verður ákveðið, að flytja til landsins hvers konar fóðurvörur, afurðir af dýrum, jarðávexti og blóm frá Danmörku.

Brot gegn banni þessu varðar sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

25. mars 1982.

Nr. 140.

AUGLÝSING

um innflutning á blönduðu kjarnfóðri.

1. gr.

Þeir sem flytja inn til landsins blandað kjarnfóður, þar með talið fóður fyrir gæludýr, skulu sjá til þess að hverri sendingu eða hverjum farmi af blönduðu kjarnfóðri fylgi heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum heilbrigðisyfirvöldum í því landi sem varan er keypt frá, þar sem komi skýrt fram að í mjölinu eða fóðrinu finnist ekki salmonellasýklar, miltisbrunasýklar eða aðrir sýklar er gætu valdið sjúkdómum í búpeningi.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hverskonar fóður sem inniheldur mjólkur- eða sláturafurðir.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins fóður sem að ofan greinir eða skipa því á land hér, nema fyrir liggi þau vottorð sem um getur í 1. gr. Þó má veita undanþágu frá uppskipunarbanni sé fóðrið í tryggum smásöluumbúðum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum og renna sektir í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum á þessari auglýsingu skal farið að hætti opinberra mála. Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins sbr. lög nr. 16/1952, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Bönn þau við togveiðum, sem tilgreind eru í 1.—3. gr., gilda ekki tímabilið frá kl. 18.00 5. apríl til kl. 12.00 á hádegi 13. apríl 1982.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.